



Siðareglur fyrir ferðamenn á norðurskautssvæðinu

1. Samhæfið ferðamennsku og náttúruvernd

- Féð sem þið verjið til ferðarinnar hefur áhrif á þróun og stefnu ferðaþjónustu á norðurskautssvæðinu. Látið fé ykkar renna til viðurkenndra, náttúruverndarsinnaðra aðila í ferðaþjónustu.
- Aflið nauðsynlegra leyfa áður en þið heimsækið friðlýst landsvæði eða önnur vernduð svæði. Skiljið ekki eftir merki um komu ykkar til þessara svæða og hróflið ekki við náttúrulífinu.
- Aflið upplýsinga um lög og reglur sem varða verndun náttúrulífs á því svæði sem þið heimsækið - og fylgið þeim. Fræðist um dýr í útrýmingarhættu á viðkomandi svæði og forðist að veiða þær tegundir eða kaupa afurðir af þeim.
- álit ykkar skiptir máli. Látið eiganda eða rekstraraðila vita ef aðgætni og fræðsla um umhverfismál voru í hávegum höfð í ferðinni, eða ef þessum þáttum hefði mátt sinna betur.
- Gangið í samtök sem vinna að náttúruvernd á norðurskautssvæðinu og styrkið náttúruverndarverkefni á þessu svæði.

2. Styðjið varðveislu óbyggða og fjölbreytni lífríkis

- Kynnið ykkur viðleitni til að vernda villt dýr og búsvæði þeirra á norðurskautssvæðinu. Styrkið slíkt starf með peningagjöfum, sjálfböðavinnu, fræðslu um náttúruvernd eða með því að afla stuðnings hjá stjórnmalamönnum og fyrirtækjum.
- Óbyggð víðerni norðurslóða eru einstök náttúruauðlind. Mótmælið framkvæmdum sem brjóta upp víðáttuna eða geta truflað líf villtra dýra og vistkerfa.
- Heimsækið þjóðgarða og friðlýst svæði. Fjöldi gesta og fé frá ferðamönnum efla vernduð svæði og geta leitt til þess að fleiri svæði verði vernduð.

3. Nýtið náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt

- Gangið eða notið skíði, kajaka, báta, hundasleða eða önnur óvélknúin farartæki eins og kostur er til að forðast hávaðamengun og draga sem mest úr spillingu lands. Einkum er mikilvægt að draga sem mest úr notkun vélsleða, sérstaklega þar sem snjóalög eru þunn.
- Skoðið og myndið villt dýr úr fjarlægð og minnst þess að dýraskoðun er áhrifaríkust þegar dýrin verða einskis vör. Haldið í skefjum eðlilegri löngun til að fara of nærri og takið tillit til merkja sem sýna að dýr séu í uppnámi, t.d. þegar þau gefa frá sér viðvörunarhljóð, hafa í frammi örvæntingarfulla tilburði, leggja aftur eyrun eða láta hárin rísa.

- Sækið um tilskilin leyfi þar sem lögum samkvæmt má veiða og fiska, fylgið öllum reglum og aflið aðeins eftir þörfum. Fiskið og veiðið aðeins þar sem lífríkið stendur undir veiðum og með þeim hætti að ekki trufla samfélög svæðisins.
- Óbyggðir náttúrustaðir eru einnig auðlind - skiljið við þá eins og þið komið að þeim svo aðrir geti notið þeirra. Safnið ekki sýnum nema það sé heimilt eða þið hafið fengið sérstakt leyfi til þess. Tjaldið þannig að þess sjáist sem minnst merki og notið tjaldstæði og göngustíga sem fyrir eru í stað þess að mynda nýja.
- Ef um skipulagða hópferð er að ræða skuluð þið fara fram á að fararstjórinn kynni rækilega svæðið sem á að heimsækja og hvaða hegðun er tilhlýðileg svo land spillist sem minnst.

4.Haldið neyslu, sóun og mengun í lágmarki

- Miklu skiptir hvernig gistiaðstaða er valin, sem og vörur og magn neyslu. Veljið vörur sem brotna niður í náttúrunni eða eru endurvinnanlegar og vörur með sem minnstum umbúðum.
- Farið með sorp endurvinnslu þar sem hún er fyrir hendi. Veljið ferðaskrifstofu sem fer með sorp í endurvinnslu ef um skipulagða hópferð er að ræða.
- Takmarkið orkunotkun, þar á meðal hita og heitt vatn.
- Skiljið eftir eins lítil ummerki um komu ykkar og kostur er og takið sorp með ykkur.
- Veljið farartæki sem hefur lítil umhverfisáhrif. Forðist notkun jarðefnaeldsneytis og vélknúinna farartækja.
- Veljið gististaði sem sýna fram á ábyrga stjórnun umhverfismála, endurvinna sorp, nýta vel orku og umhverfisvæna orkugjafa eins og sólarorku og vatnsaflsraforku þar sem það er hægt.

5.Sýnið menningu staða virðingu

- Fræðist fyrirfram um menningu og siði svæðisins sem á að heimsækja.
- Virðið rétt íbúa á norðurskautssvæðinu. Líklega verður ykkur vel tekið og fagnað ef þið ferðist með opnum huga, lærið um menningu og hefðir viðkomandi staðar og virðið siði og kurteisvenjur heimamanna.
- Þeir sem ferðast á eigin vegum ættu að gera viðvart um komu sína á viðkomandi stöðum. Birgðir eru stundum af skornum skammti í norðurskautslöndum svo rétt er að búa sig undir að koma með eigin birgðir
- Biðjið um leyfi áður en þið myndið fólk eða gangið inn á lóðir þeirra eða í hýbýli.

6.Virðið sögulega staði og staði þar sem stundaðar eru vísindarannsóknir

- Virðið sögulega staði og merkingar og hafið ekki minjagripi á brott með ykkur.
- Meira að segja mannvirki og staðir sem virðast yfirgefnir geta verið verndaðir samkvæmt lögum eða mikils metnir af heimamönnum.
- Haldið ykkur frá yfirgefnum herstöðvum.
- Virðið vinnu vísindamanna með því að undirbúa fyrirfram skoðunarferðir og með því að hrófla ekki við neinu á vinnusvæðinu.

7. Samfélög á norðurskautssvæðinu ættu að njóta góðs af ferðamennsku

- Féð sem þið verjið til að ferðast getur stuðlað að bættri efnahagslegri afkomu þeirra samfélaga sem þið heimsækið. Kaupið vörur heimamanna og veljið ferðaskrifstofur og skoðunarferðir sem eru reknar af heimamönnum og sem ráða heimafolk til starfa.
- Kaupið heimatilbúnað vörur og handunna muni.
- Veljið, hvenær sem kostur er, gististaði sem heimamenn eiga, hafa byggt og eru mannaðir fólki af staðnum.

8. Veljið ferð sem mönnuð er þjálfuðu fagfólki

- Veljið virta ferðaskrifstofu sem ræður þjálfað fólk sem helst hefur reynslu af norðurskautssvæðinu.
- Veljið ferðaskrifstofu sem hefur einn starfsmann á hverja 15 viðskiptavini eða færri á landferðalögum og 20 farþega eða færri á hvern starfsmann í skipaferðum.

9. Gerið ferðina að tækifæri til að fræðast um norðurskautssvæðið

- Fræðist um umhverfi norðurskautssvæðisins fyrirfram, einkum þau svæði sem þið heimsækið. Gerið ferðina að tækifæri til að fræðast um náttúruvernd á norðurslóðum.
- Ef þið ferðist með skipulögðum hóp veljið þá ferð sem veitir upplýsingar um umhverfi norðurskautssvæðisins, náttúruvernd og leiðir til að styðja náttúruverndaráttök á norðurslóðum.
- Veljið hópferð og skoðunarferðir sem veita sérstakar upplýsingar um veðurfar, dýrategundir, búsvæði dýra, mannfélag og menningu og tilhlýðilega hegðun á svæði því sem á að heimsækja.

10. Fylgið öryggisreglum

- Ísbirnir, rostungar og sauðnaut kunna að vera hættuleg og þessi dýr þarf ætíð að umgangast með virðingu. Gætið þess að einhver í hópnum sé með byssu og annars konar tól til að hræða ísbirni ef farið er inn á búsvæði þeirra.
- Sleðahundar eru vinnudýr. Gefið þeim hvorki að éta né gælið við þá. Hundar og heimskautarefir geta einnig borið með sér hundæði.
- Göngur yfir ís og jökla krefjast séstakrar færni í notkun reipa, mannbrodna, ísaxa og annars öryggisbúnaðar. Ráða ætti þjálfaða leiðsögumenn.
- Gætið þess að yfirvöldum sé kunnugt um ferðaáætlun ykkar hvort sem þið ferðist einsömul eða í hóp.
- Gætið að veðurskilyrðum og bíðið ykkur undir að blíðuveður geti skyndilega breyst og orðið hættulegt. Forðist að verða of þreytt, köld eða blaut.
- Grunnbúnaður, jafnvel fyrir stuttar skoðunarferðir, er m.a. hlý föt, traustur skófatnaður, hanskar, höfuðfat og vindþéttar yfirhafnir. Einnig er nauðsynlegt að hafa með sér landakort, skyndihjálparbúnað og eitthvað matarkyns til að grípa til í neyð, t.d. súkkulaði.